



Faghópur II

Fundargerð 3. fundar

Iðnaðarráðuneytinu 12. mars 2009, kl. 8:30

Mætt: Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Brynhildur Davíðsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Sveinn Runólfsson og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Forföll: Ólafur Örn Haraldsson.

Fundarfrásögn:

1. **Rögnvaldur Guðmundsson frá Rannsóknnum & ráðgjöf ferðaþjónustunnar (R&RF).** Fundurinn hófst á kynningu Rögnvaldar Guðmundssonar á gögnum sem til eru í hans fórum um ferðaþjónustuna og komið geta faghópnum að gagni. Meðal þess sem kom fram hjá Rögnvaldi: n
 - a. Rögnvaldur kynnti nokkrar skýrslur:
 - i. Ferðamenn á hálendi Íslands sumarið 2000.
 - ii. Ferðamenn á hálendi Íslands - sumarið 2000. Torfajökulssvæði, Síðuvatnasvæði, norðan Hofsjökuls og viðmiðunarhópar á láglandi. Símakönnun meðal Íslendinga.
 - iii. Gildi hálendisins fyrir ferðaþjónustu og útivist til 2020. Áhersla á svæðin norðan Hofsjökuls og Vatnajökuls, Síðuvatnasvæði og Torfajökulssvæði.
 - b. Rögnvaldur gat þess jafnframt að fyrirtæki hans hefði yfir að ráða miklum óunnum gögnum sem ekki hafa verið gerð opinber.
 - c. R&RF hefur framkvæmt reglulegar kannanir án hléa meðal erlendra ferðamanna í brottfararsal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Hann afhenti fundarmönnum sýnishorn af könnuninni (sjá vinnusvæði faghóps 2 á vefsíðunnar). Þar sem sú könnun tekur til landsins alls lýsti hópurinn yfir áhuga á að kynnast niðurstöðum nánar .
 - d. R&RF framkvæmdi á árunum 2001-2005 árlegar símakannanir meðal íslenskra ferðamanna um ferðir þeirra innanlands.
 - e. Rögnvaldur gat þess að fyrir nokkrum árum hefði R&RF framkvæmt talningar á ferðamönnum í Krísuvík og nágrenni fyrir Landsnet.
 - f. Hann spurði hvaða upplýsingar hópurinn væri að leita eftir, t.d. hvort vilji væri til að vita um fjölda ferðamanna á einstökum stöðum.
 - g. Rögnvaldur gat þess að ein helsta breyting á ferðamynstri erlendra ferðamanna væri fráhrarf frá þátttöku í skipulögðum hópferðum yfir í ferðir á eigin vegum í bílaleigubílum.
 - h. Hann taldi gildi talninga gistinátta væri takmarkað og er sannfærður um að þær séu vantaldar.
 - i. Það varð að samkomulagi að Rögnvaldur mun taka saman lista yfir þau gögn R&RF sem hann telur að komi hópnum að gagni og sendi hópnum listann innan 10 daga. Þá mun hann senda hópnum tilboð um kostnað viðbótarspurninga í könnun R&RF í

Leifsstöð.

2. Eftir að Rögnvaldur vék af fundi kom fram gagnrýni að þá aðferðafræði sem R&RF beiti í rannsóknnum. Hefur sú gagnrýni komið fram áður á opinberum vettvangi.
3. **Kynning Brynhildar Davíðsdóttur.** Brynhildur kynnti erindi sem hún hélt á málþingi Hagfræðistofnunar HÍ og Landverndar í byrjun febrúar. Erindi hennar heitir [Non Market Issues in Energy Resource Exploitation](#) (glæsur eru fylgiskjal á vinnusvæði faghóps 2 á vefsíðu) og fjallar um aðferðafræði sem gengur út á að meta umhverfisráhrif; hver er umhverfislegur ávinningur af verndun ákveðins landsvæðis? Slík aðferðafræði er orðinn hluti af regluverki er lítur að mati á umhverfisráhrifum verklegra framkvæmda, t.d. í USA. Aðferðafærðin gengur út á að meta umhverfisráhrif til peninga – e. *Natural Capital* - og leitast er við að svara spurningunni hvort „kostnaður“ sé meiri en „ávinningurinn“. Sjálfbærni er lykilhugtak í aðferðafræðinni og mjög mikilvægt er að taka hana með í reikninginn í arðsemisútreikningum. Ef velferðaráhrif (e. *social welfare*) eru neikvæð fjarlægist sjálfbærnin.

Brynhildur tók fram að aðferðafræðin sé enn í mótun/þróun og nýtist rammaáætlun ekki enn sem komið er. Í gangi er 4ra ára rannsóknaráætlun (eitt ár liðið) þar sem aðferðafræðinni er beitt á Heiðmörk og að þeim tíma liðnum er stefnt að því að yfirfæra megi aðferðina á önnur svæði í landinu.

Brynhildur sagði einnig stuttlega frá annarri rannsókn sem stendur yfir fyrir tilstilli Landsnets. Þar er verið að kanna áhrif og afstöðu fólks til línulagna á Hellisheiði. Með aðstoð stórra ljósmynda þar sem sömu landsvæði eru sýnd með og án lína eru viðmælendur spurðir hvers virði það sé að losna við línurnar. Til að setja kunnugleg viðmið er kostnaður settur í samhengi við rafmagnskostað heimila.

4. **Listi yfir virkjunarkosti.** Formaður dreifði lista með drögum að þeim virkjunarkostum sem að líkindum munu verða metnir. Var gerður fyrirvari um að endanlegur listi yrði lítillaga frábrugðinn.
5. **Fyrir næsta fund** var starfsmanni falið að hafa samband við eftirtalda aðila og kanna hvaða gögn og upplýsingur lægju hugsanlega fyrir sem hópurinn gæti nýtt:
 - a. Þorvarð Árnason á háskólasetrinu á Höfn.
 - b. Viðskipta- og raunvísindadeild Háskólans á Akureyri og RHA (þ.á.m. meistaranámsverkefni, sérstaklega var minnst á kannanir er tengdust virkjunarframkvæmdum við Kárahnjúka.).
 - c. Rannsóknarmiðstöð ferðamála við HA (þ.á.m. útgefnar skýrslur).
6. **Gestur næsta fundar.** Jóhannes tók að sér að boða Guðna Guðbergsson hjá Veiðimálastofnun á næsta fund til að kynna hagsmuni fiskveiða í ám og vötnum. Þá var afráðið að bjóða hlunnindaráðunaut bændasamtakanna á þar næsta fund hópsins.
7. **Næsti fundur** verður haldinn í lðnaðarráðuneytinu þann 26. mars kl. 8:30.